

**Sp. 514. Tillaga til þingsályktunar [278. mál]**

um endurskoðun og samræmingu á lögum um smitsjúkdóma.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún J. Halldórsdóttir, Guðrún Helgadóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kolbrún Jónsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að skora á heilbrigðisráðherra að láta fara fram, svo fljótt sem unnt er, endurskoðun og samræmingu á þeim lögum sem taka til smitsjúkdóma. Lagt verði fram frumvarp þar að lútandi eigi síðar en á næsta þingi.

**Greinargerð.**

Í íslenskri löggjöf eru ýmis lög og lagabálkar sem taka til smitsjúkdóma og eru mörg orðin gömul. Má sem dæmi nefna lög um varnir gegn holdsveiki frá 1898 og 1909, berklavarnalög frá 1939, lög til varnar gegn fýlasótt frá 1940, sóttvarnarlög frá 1954, farsóttalög frá 1958, lög um ónæmisáðgerðir og lög um varnir gegn kynsjúkdómum frá 1978.

Skilningi manna og þekkingu á eðli smitsjúkdóma hefur fleygt fram á s.l. áratugum. Jafnframt hafa greining þeirra, meðhöndlun og varnir gegn þeim tekið miklum stakka-skiptum frá því að lög um þá voru sett. Eru því mörg ákvæði laganna orðin úrelt. Það er þess vegna bæði eðlilegt og reyndar löngu tímabært að endurskoða þau til samræmis við nútímaþekkingu og starfshætti. Sömuleiðis er eðlilegt að líta á smitsjúkdóma sem heild við lagasetningu þannig að heildstæð löggjöf nái til allra smitsjúkdóma en frávik og sérstaða verði mörkuð með reglugerðum.

Flutningsmenn leggja til að þessi endurskoðun verði hafin hið fyrsta og henni ljúki með því að lagt verði fram frumvarp að heildstæðri löggjöf um smitsjúkdóma eigi síðar en á næsta þingi.